

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



Reykjavík 22. maí 2017
UST201704-108/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi frístundalóðar í landi Jaðars í Hrunamannahreppi


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst 11. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi frístundalóðar í landi Jaðars í Hrunamannahreppi.


Skipulagssvæðið

Ofangreint svæði er í landi Jaðars sem er jörð er liggur að austurbakka Hvítár gengt Brattholti. Lóðin er áætluð 3,2 ha að stærð og er staðsett í 1,5 km fjarlægð frá Gullfossi. Í lýsingu kemur fram að tillögusvæðið er í mestu í hvarfi frá fossinum. Einnig kemur fram að skipulagssvæðið er óræktað beitiland með birkiskóga að hluta og mosa og lyngi.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur